



Fjölskyldumeðferð þegar barn er með tilfinningavanda

Guðlaug M. Júlíusdóttir

Félagsráðgjafi, MA

Verkefnastjóri félagsráðgjafar á BUGL og Barnaspítala Hringins.

Ráðstefna BUGL 10. janúar 2014.

Fjölskyldumeðferð?



"My mom has a new boyfriend, my dad has a new girlfriend, and all I got was a new therapist."



Hvað er fjölskylda?

- Hver er mælistikan á „eðlilega“ fjölskyldu?
- Hvernig lítur hún út?
- Hvaða reglum fylgir hún?
- Hverjir tilheyra fjölskyldu?
- Hvað gerir fjölskyldu að fjölskyldu?
- Hverjir eru það sem ákveða hvernig fjölskylda á að vera?

Hvað er fjölskylda?

- Samkvæmt íslenskri orðabók (1997): *foreldrar og börn þeirra, húsráðendur og afkomendur þeirra, systkini og skyldulið þeirra, fjölskyldumeðlimur: einstaklingur í fjölskyldu* (Árni Böðvarsson, 1997).
- Fremur innihaldslítil skilgreining út frá því hvað fjölskylda er í huga fólks.
- Væri hópur af fólki spurður um þeirra sýn á hvað fjölskylda er, yrðu svörin eflaust eins ólík og þau yrðu mörg.
- Við fæðumst engu að síður öll inn í einhvers konar fjölskyldu, allir hafa sínar hugmyndir um hvað fjölskylda er og hafa flestir skoðun á því fyrirbæri.

Hvað er fjölskyldumeðferð?

- Upphaf tengt seinni heimstyrjöldinni þegar fjölskyldur sundruðust og sameinuðust á ný.
- Nathan Ackerman barna sálgreinir talinn vera sá fyrsti til að beita slíku meðferðarformi árið 1937.
- Rök Ackermans fyrir því að nota þessa meðferðarnálgun var sú staðreynd að fjölskyldan væri sú eining sem spilaði stærsta hlutverkið í þroska barns og því tilgangslaust að vinna að breytingu hjá barni í einangrun frá hinum fjölskyldumeðlimunum.
- Varð útbreitt meðferðarform í kring um 1950.

Hvað er fjölskyldumeðferð?

- Algengt í þessum fræðum þegar verið er að ræða um fjölskyldur að skoðuð sé „fjölskylduvirkni“ -e. *family functioning*.
- Ameríska sjúkdómsgreiningarkerfið DSM-IV hefur lýst þeim þremur aðalatriðum sem þarf að skoða þegar fjölskylduvirkni er metin.
 - 1) *Lausn á vandamálum.*
 - 2) *Skipulag.*
 - 3) *Tilfinningalegt andrúmsloft.*

Hvers vegna tilfinningavandi hjá barni?

- Tilfinningavandi barna getur verið af margvíslegum toga.
- Rannsóknir á ungabörnum hafa sýnt að sum börn fæðast viðkvæm og hvumpin með vítt tilfinningaróf sem þau eiga erfitt með að stjórna.
- Líkamlegar orsakir, t.d. fyrirburi, langveikindi barns,
- Umhverfispættir-t.d. skyndilegt andlát, aðskilnaður frá umönnunaraðila, ofbeldi á heimili, veikindi foreldra, veikindi systkina, ofl.
- Stundum ganga einkenni tilbaka, stundum ekki.
- Þegar svo er þarf að vinna heildrænt með samsettri meðferð.

Fyrir hverja er fjölskyldumeðferð?

- Allir sem búa undir sama þaki, skilgreina sig sem fjölskyldu og upplifa erfiðleika í samskiptum sín á milli geta nýtt sér fjölskyldumeðferð.
- Þegar barn er með tilfinningaerfiðleika sem lýsa sér í sveiflum í líðan og hegðun er erfitt að búa með því.
- Áhrifin lýsa sér bæði í andrúmslofti á milli fólks og með ýmsum einkennum hjá einstaklingunum sjálfum.
- Allir smitast.

Inntak fjölskyldumeðferðar

- Það er sam-mannlegt að vilja búa í sátt og samlyndi.
- Þegar barn sýnir tilfinningaerfiðleika er mikilvægast af öllu hvernig nærumhverfi bregst við því.
- Það er erfitt að vera alltaf upplagður í að mæta barni í uppnámi.
- Barnið hefur áhrif á mann eins og maður hefur áhrif á barnið.



Inntak fjölskyldumeðferðar

- Það sem fjölskyldumeðferð nýtist meðal annars í er að ræða um:
- Þetta sem gerist á milli einstaklinganna í fjölskyldunni,
- Hvernig samskiptin eru,
- Hvað gerist þegar barnið kemst í uppnám, hvaða áhrif hefur það á hina?
- Hvað gerist þegar foreldri kemst í uppnám, hvaða áhrif hefur það á hina?
- Hvað myndi breytast ef minna væri af uppnámi,
- Hvað þarf fjölskyldan sem heild að gera til að breyta því sem þeim finnst mætti betur fara.

Form fjölskyldumeðferðar á BUGL

- Fer fram á göngudeild, í bráðateymi og almennum teymlum og á legudeild.
- Fólk sem hefur viðbótarmenntun í fjölskyldumeðferðarfræðum, þverfaglegur hópur.
- Hittum alla fjölskylduna saman, yngst ca.5 ára.
- Setið í hring, helst alltaf í sama herbergi.
- Meðferðaraðilinn tekur ekki afstöðu, er opinn.
- Misjafnt hvernig formið er, fer helst eftir aldri barnanna sem taka þátt og hver vandinn er.
- Fókusinn á samskipti á milli einstaklinga á heimili, ekki greiningar eða aðra meðferð sem barnið fær.

Hvers vegna barnið með?

- Erum við að útsetja þau fyrir hlutum sem þau geta ekki skilið?
- Eru þau ekki að hitta nógu marga?
- Þarf ekki að vernda þau fyrir erfiðum samskiptum fullorðna fólksins?
- Börn eru oft einkennisberar vandans.
- Ef fjölskyldan væri lífvera, þá eru börnin “mjúka miðjan” á maga lífverunnar.
- Þau búa á heimilinu alla daga og hafa allt að vinna.
- Þurfa stundum aðstoð við að segja það sem þau eru að upplifa á heimilinu við þá sem þau upplifa það með.

Hvers vegna barnið með?

- Þau eru opinská og ómenguð.
- Þau geta verið hugrökk og sterk ásamt því að vera viðkvæm og brothætt.
- Þau eru trú sínu fólki og full af ást og von um jákvæðar breytingar.
- Enginn getur hjálpað barni eins og foreldri ef samstarf næst, sama hversu flottur hópur fagfólks er að vinna í málinu.
- Vinna með börnum og foreldrum saman getur gert það að verkum að foreldrar horfa öðrum augum á barnið sitt sem veldur breytingum til hins betra.

Það er ekki eftir neinu að bíða!! Gangi ykkur vel.

